

B.T. Fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 4. september 2014

Bréf frá leikskólastjórum í Hafnarfirði

Leikskólastjórar í Hafnarfirði lýsa yfir áhyggjum sínum vegna skorts á leikskólakennurum í leikskólum Hafnarfjarðar. Jafnframt óska þeir eftir að við gerð fjárhagsáætlunar verði teknar ákvarðanir um aðgerðir til að fjölga leikskólakennurum. Gera þarf leikskólakennslu að eftirsóknaverðum starfsvettvangi í Hafnarfirði með áherslu á fagmennsku, virðingu og góð starfskjör. Sérfræðingar í skólamálum eru almennt sammála um að þrennt skipti mestu máli til að auka gæði menntunar. Það er að fá hæfasta fólkið til að læra að vera kennarar, styðja kennara í starfi með öflugri starfsþróun og sjá til þess að öllum nemendum sé tryggður aðgangur að fyrsta flokks kennslu. Bæjarfélagið hefur ekki boðið upp á úrræði í takt við þróun á námi leikskólakennara og framhaldsnámi sem er nú að mestu í staðlotum og vettvangsnámi. Þó svo samstarf sé á milli sveitarfélaga í skólamálum eru sum að gera betur en önnur hvað varðar stuðning til náms, vinnuskilyrða til starfsþróunar og heilsuforvarna svo eitthvað sé nefnt. Við teljum að aðgerða sé þörf í Hafnarfirði og bjóðum fram aðstoð okkar með hugmyndir og útfærslur.

Hugmyndir.

- Námssamningar til að stunda nám í leikskólakennarafræðum. Til að laða að gott fólk og að það fái tækifæri til að fara í leikskólakennaranám teljum við að það þurfi að gera fólki kleift að sækja nám jafnhliða starfi t.d. með námssamningum.
- Aukin stöðugildi vegna starfsþróunar verði sett í reiknilíkan leikskólanna. Við viljum að veittur sé meiri stuðningur við þá sem eru í starfi með aðgerðum sem efla fagmennsku, hæfni og starfsgleði kennara. Það vantar að geta sinnt starfsþróun á vinnutíma en vegna aðstæðna í leikskólanum er það ekki alltaf hægt.
- Bjóða fleiri leikskólakennurum upp á tækifæri til framhaldsmenntunar t.d. með námssamningum og/eða fleiri námsleyfum.
- Efla leiðtogaþæfni og stuðning við stjórnendur leikskólanna með sameiginlegu starfsþróunartilboði.
- Niðurgreitt líkamsræktarkort fyrir alla starfsmenn sem forvörn sem gæti dregið úr veikindafjarvistum.

Með vinsemd og virðingu
Leikskólastjórar í Hafnarfirði

Úr Skólafélagi Hafnarfjarðar

Búa starfsfólki á fræðsluviði góð vinnuskilyrði til starfsþróunar. Starfsfólk skóla er hvatt til að efla sig í starfi, viðhafa stöðuga símenntun,

Unnið verði markvisst að því að bæta við menntunarstig starfsmanna til að mæta nýjum lagakröfum. Í auknum mæli verði ófaglært starfsfólk eftir í starfi og stutt til að afla sér fagmenntunar á sviði uppeldis- og kennslumála.

Úr Mannauðstefnu Hafnarfjarðar

Efla þekkingu og færni starfsmanna með faglegum ráðningum í störf, áætlunum um starfsþróun og skilgreindum aðferðum til að laða að og halda í hæft og áhugasamt starfsfólk.

Tryggja að á vinnustöðum Hafnarfjarðarbæjar þróist fagþekking, þjónustulund og verkunnátta í samræmi við stefnu bæjarstjórnar og hvers vinnustaðar.

Skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk finnur að störf þess eru metin að verðleikum og að það hafi tækifæri til að hámarka árangur sinn í starfi í þágu íbúa bæjarins